



Merkingar á umbúðum efnavara í matvöruverslunum

*Eftirlit með markaðssetningu á efnavörum
í matvöruverslunum 2015*



1. Formáli

Markmið efnalaga nr. 61/2013 er að tryggja að meðferð á efnum og efnablöndum valdi hvorki tjóni á heilsu manna né umhverfi, tryggja frjálst flæði á vörum á innri markaði ESB og koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu efnavara.

Nýleg reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir og efnablandna, svonefnd CLP reglugerð, tók fullt gildi hér á landi þann 1. júní 2015. Hún innleiðir CLP reglugerð Evrópusambandsins nr. 1272/2008. Efni og efnablöndur sem eru settar á markað og hafa eiginleika sem gera þau hættuleg eiga hér eftir að vera flokkuð og merkt samkvæmt þessari reglugerð.

Hættuleg efni eru föst efni, vökvar eða lofttegundir sem geta valdið skaða á fólki, öðrum lífverum eða umhverfinu. Þau koma víða við, ekki bara í iðnaði heldur einnig í daglegu lífi. Hversdagsleg verkefni eins og að setja í þvottavél, bera á pallinn og þrifa bakaraofninn krefjast þess oftár en ekki að notuð séu hættuleg efni. Þá er afar mikilvægt að möguleg hættu sem af þeim getur stafað fari ekki á milli mála. Þess vegna þurfa hættumerki að vera vel sýnileg og hættu- og varúðartexti á íslensku.

Í matvöruverslunum má finna ýmsar efnavörur sem geta verið skaðlegar fólki eða umhverfinu. Þar má t.d. nefna uppþvottalegi, klór og sterk hreinsiefni. Mikilvægt er að tryggja það að þau efni sem eru í sölu séu rétt merkt svo notendur fái skýrar upplýsingar til að vernda sjálfa sig og umhverfi sitt sem best. Umhverfisstofnun fór í víðtækt markaðseftirlit í matvöruverslunum haustið 2015, þar sem markmiðið var að kanna stöðuna á merkingum hættulegra efna.

2. Tilgangur og markmið

Samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 er Umhverfisstofnun falið að hafa eftirlit með markaðssetningu hættulegra efna og efnablandna. Þau eiga að hafa uppfærðar íslenskar merkingar samkvæmt CLP reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna. Þá skulu öryggisblöð vera aðgengileg fyrir þá sem nota vörurnar í atvinnuskyni. Efni og efnablöndur sem eru settar á markað og hafa eiginleika sem gera þau hættuleg eiga nú að vera flokkuð og merkt samkvæmt þessari reglugerð, en með henni eru m.a. tekin í notkun ný hættumerki sem leysa af hólmi eldri varnaðarmerki.

CLP reglugerðin tók fullt gildi hér á landi þann 1. júní 2015 og hér eftir skulu bæði hrein efni og efnablöndur vera merkt samkvæmt henni. Undanþága frá CLP merkingum er einungis gerð fyrir efnablöndur sem komnar voru á markað fyrir 1. júní 2015, en þær mega vera í sölu fram til 1. júní 2017.

Markmið þessa eftirlitsverkefnis var að kanna hversu vel væri farið eftir ákvæðum efnalaga og reglugerðar um flokkun og merkingu þegar kemur að markaðssetningu hættulegra efna og efnablandna í matvöruverslunum. Í úrtaki voru m.a. klósetthreinsar, uppþvottalegir, blettahreinsar, gluggasprey, klór og ofnahreinsar. Megináhersla var lögð á að merkingar væru uppfærðar og í samræmi við gildandi CLP reglugerð. Í verkefninu fólst einnig fræðsla um merkingar og skyldur fyrirtækja, þar sem verslanir og birgjar sem voru með frávik fengu upplýsingar og ráðleggingar um leiðir til úrbóta frá Umhverfisstofnun.

3. Framkvæmd

Útbúinn var listi yfir þær matvöruverslanir sem hafa mesta markaðshlutdeild á Íslandi og fóru starfsmenn Umhverfisstofnunar í eftirlitsferðir til þeirra á haustmánuðum 2015. Lögð var áhersla á að eftirlitið færi fram sem víðast og því voru heimsóttar verslanir í öllum landsfjórðungum. Við komu á staðinn var eftirlitsþega afhent bréf þar sem markmið eftirlitsins komu fram og útskýrt var hvernig eftirlitinu yrði háttað. Fulltrúi fyrirtækis var viðstaddur og staðfesti með undirritun sinni að eftirlitið hefði farið fram. Við eftirlit voru merkingar hættulegra efna og efnablandna kannaðar.

Ljósmyndir voru teknar af merkingum vara í úrtaki og frávik eða athugasemdir voru síðan teknar saman í eftirlitsskýrslu sem var send eftirlitsþega, ásamt bréfi þar sem niðurstöður eftirlitsins komu fram. Þar var einnig greint frá því hvaða reglugerðir gilda um merkingar efnavara og að samkvæmt efnalögum sé Umhverfisstofnun heimilt að beita tilteknum þvingunarúrræðum til að knýja á um úrbætur vegna fráviks.

Eftirlitsþegar voru eftirfarandi:

- Bónus, Borgarnesi
- Fjarðarkaup, Hafnarfirði
- Fjölval, Patreksfirði
- Hagkaup, Reykjavík
- Iceland, Kópavogi
- Kjarval, Þorlákshöfn
- Kostur, Kópavogi
- Krónan, Reyðarfirði
- Megastore, Kópavogi
- Nettó, Selfossi
- Rekstrarvörur, Reykjavík
- Samkaup úrval, Ólafsfirði
- Víðir, Reykjavík

Í kjölfar eftirlitsins var einnig haft samband við neðangreinda birgja sem voru ábyrgðaraðilar fyrir vörur í úrtakinu. Þeir fengu send bréf um niðurstöður eftirlitsins þar sem gerðar voru kröfur um úrbætur.

- Halldór Jónsson ehf
- Karl K. Karlsson ehf
- Nathan & Olsen hf
- Sema ehf


4. Helstu niðurstöður

Í heildina voru skoðaðar 108 vörur í 13 verslunum og var fjöldi vara í hverju fyrirtæki á bilinu 3 - 16. Í öllum verslunum fundust einhverjar vörur með frávik í merkingum.

Í eftirlitinu kom í ljós að merkingum var ábótavant í 53 tilvikum. Langoftast voru gerðar athugasemdir vegna þess að merkingar höfðu ekki verið uppfærðar samkvæmt nýjustu reglum eða þá að hættu- og varúðartexti var ekki á íslensku. Í nokkrum tilvikum vantaði hluta af hættu- og/eða varúðarupplýsingum eða að það var ekki samræmi á milli merkinga frá framleiðanda og íslenskra merkinga. Samantekt á frávikum má sjá í töflum og grafi hér að neðan:

Páttur	Fjöldi	Hlutfall
Verslanir í úrtaki	13	
Verslanir án frávika	1	8%
Verslanir með skráð frávik	12	92%

Páttur	Fjöldi	Hlutfall
Vörur í úrtaki	108	
Vörur án frávika	55	51%
Vörur með skráð frávik	53	49%



Eftirlitsskýrslur ásamt bréfi með niðurstöðum eftirlits voru sendar verslununum, auk fjögurra birgja sem voru ábyrgðaraðilar fyrir vörur með skráð frávik, og frestur veittur til að bregðast við og lagfæra

merkingar. Þegar sýnt hafði verið fram á viðeigandi úrbætur við frávikum fengu fyrirtækin send bréf um málslok og að niðurstaða Umhverfisstofnunar væri sú að viðkomandi fyrirtæki hefði uppfyllt þær kröfur sem gerðar voru og að stofnunin gerði ekki frekari athugasemdir að þessu sinni.

Fyrirtækin brugðust almennt vel við tilmælum Umhverfisstofnunar og lagfærðu merkingar þar sem þess var þörf. Í þremur tilvikum bárust engin viðbrögð frá eftirlitsþegum. Þau mál voru send áfram í eftirfylgni hjá lögfræðingi stofnunarinnar og eru enn í vinnslu.